

Friðriks Sigurðssonar og Útbúi Landsbanka Íslands á Selfossi, málskostnað í hæstarétti með 100 krónum til hvors þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þá hefir umboðsmaður Jónasar Hvannbergs, sem einnig hafði umboð fyrir sonu þrotamanns, krafizt, að tekin verði til greina krafa hans um veðgildi skuldabréfs að því er snertir veðsettar 25 ær og 11 gemlinga. Fé þetta var aldrei sérmerkt, og er þá veð þetta að skoða sem safn af munum, sem eru samkynja og einkenndir einu nafni, en í lögum um veð 4. nóv. 1887 er slík sjálfsvörzluveðsetning beint bönnuð. Þegar af þessari ástæðu er eigi unnt að taka kröfur þessar til greina.

Mánudaginn 6. nóv. 1933.

Nr. 18/1933. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

**Ferdinand Carlson, Helga Benónýs-
syni** (Stefán Jóh. Stefánsson)
og Helga Benediktssyni
(Th. B. Línal).

Brot gegn 262. og 262., sbr. 48. gr. hegningarlag-
anna.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 12. nóv. 1392: Ákærði, Ferdinand Carlson, bifreiðarstjóri í Vestmannaeyjum á að sæta 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður, þar með talin málsvarnarlaun, 50 krónur, til talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns.

Ákærði, Belgi Benónýsson, búfræðingur í Vestmannaeyjum, á að vera sýkn af kærnum réttvísinnar í máli þessu

og greiðist kostnaðurinn við málsvörn talsmanns hans, áðurnefnds hæstaréttarmálaflutningsmanns, af almannafé með 50 krónum. Ákærði, Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, á einnig að vera sýkn af kæru réttvisinnar í máli þessu, en greiða 100 króna sekt að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir ósæmilegan rithátt, áður en fjórar vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplána hana ella með 10 daga einföldu fangelsi. Málsvarnarlaun ber hinum ákærða engin.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði, Ferdinand Carlson, er í máli þessu ákærður fyrir það, að hann hafi ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum með því hinn 4. nóv. 1931 að afsala þeim Ásgeiri Guðmundssyni lögfræðing og Stefáni Jóhanni Stefánssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni skaðabótakröfu á hendur firmanu Jóh. Ólafsson & Co. út af innsetningargjörð í bifreiðina V. E. 50, er firmað hafði látið gera í Vestmannaeyjum 1. nóv. 1930, en felld var úr gildi í hæstarétti 4. nóv. 1931, en af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, ber að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Þá er ákærði F. Carlson, ákærður fyrir það að hafa með samningi dags. 20. ág. 1931 selt til málamynda meðákærða, Helga Benónýssyni, réttindi sín til bifreiðarinnar V. E. 50 til þess að svíkja skuldheimtumenn sína, og meðákærði, Helgi Benediktsson, fyrir hlutdeild í þeim glæp.

Um þetta kæruatriði er það upplýst, að ákærði F. Carlson hefir ekkert eða sama sem ekkert fengið fyrir réttindaafsal þetta, sem þó, svo sem sagt er í hinum áfrýjaða dómi, gat orðið allverðmætt fyrir hann, ef hann ynni fyrir hæstarétti mál það gegn

firmanu Jóh. Ólafsson & Co., sem áður er nefnt. Ákærði hefir enga skynsamlega grein gert fyrir ástæðum sínum til þessarar ráðstöfunar um réttindin til bifreiðarinnar, og viðsemjandi hans, ákærði, Helgi Benónýsson, sem samkvæmt framburði sínum hefir verið mjög lítið kunnugur málaferlum milli Carlsons og Jóh. Ólafsson & Co. hefir heldur ekki gert neina skynsamlega grein fyrir ástæðum sínum til þessara kaupa. Í nefndu afsali er þess eigi getið, að kaupandi þurfi til þess að tryggja rétt sinn, að greiða Jóh. Ólafssyni & Co., þær c. 2400 kr., er eftir stóðu af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar, en í prófum málsins hafa hinir ákærðu báðir borið það, að svo hafi verið um samið að Helgi Benónýsson hafi átt að greiða þessar eftirstöðvar. Þrátt fyrir þetta verður að telja það upplýst í málinu, að Helgi hafi hvorki látið Jóh. Ólafsson & Co. vita neitt um afsalið eða boðið fram borgun á kaupverðseftirstöðvunum gegn því að fá bifreiðina afhenta. Hinsvegar er það tekið fram í nefndu afsali, að kaupanda, Helga Benónýssyni, sé heimilt að láta reka umgetið hæstaréttarmál eftirleidis undir nafni F. Carlson, en þó að það sé ekki tekið fram virðist það að sjálfsögðu hafa leitt af afsalinu, að kaupandi ætti að greiða kostnað málsins þar eftir, en hvorki F. Carlson né Helgi hafa — svo séð verði — látið málflutningsmann þann, er fór með málið í hæstarétti vita neitt um afsalið og er málið var dæmt í hæstarétti, þá er það eigi Helgi heldur Carlson, sem semur um greiðslu málskostnaðarins og framselur upp í þann kostnað svo sem áður er sagt, skaðabótakröfu sína á hendur Jóh. Ólafsson & Co. án þess Helga Benónýssonar sé þar að nokkru getið.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til hinnar nánari greinargerðar í hinum áfrýjaða dómi, er að þessu lýtur, verður að telja það sannað, að afsalið 20. ág. 1931 hafi einungis verið gert til málamynda til að svifta skuldheimtumenn ákærða, F. Carlson, andvirði þessara réttinda til bifreiðarinnar, ef svo færi að hæstaréttarmálið ynnist.

Þar sem nú ákærði, F. Carlson, hlaut að sjá að gjaldþrot var yfirvofandi og þar sem bú hans síðar hinn 17. nóv. 1931, var tekið til gjaldþrotaskipta, þá ber að heimfæra framangreint brot undir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í undirréttardóminum 3 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi.

Með því að lita verður svo á að ákærði, Helgi Benónýsson, hafi verið svo kunnugur efnahag og ástæðum ákærða, F. Carlson, að honum hafi verið það ljóst, að málamyndaafsalið hafi verið gjört til að svíkja skuldheimtumenn hans, verður einnig að dæma hann til refsingar samkvæmt 262. gr. sbr. 48. gr. hinna alm. hegningarlaga og ákveðst refsing hans 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt þykir að fresta skuli fullnustu refsingarinnar samkv. lögum nr. 39/1907 og að hún skuli falla niður, ef skilorð nefndra laga eru haldin.

Að því er snertir ákærða Helga Benediktsson er það eigi sannað, að hann hafi vitað um eða verið það ljóst, að samningar þeirra Carlson og Helga hafi verið proformaverk og ber því, svo sem gjört er í hinum áfrýjaða dómi að sýkna hann af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en ákvæði dómsins um sekt á hendur honum fyrir ósæmilegan rithátt ber að staðfesta.

Málflutningslaun hins skipaða verjanda Helga Benediktssonar í hæstarétti 120 kr. greiðist af almannafé. Hinir ákærðu, Ferdinand Carlson og Helgi Benónýsson, greiði in solidum allan annan kostnað málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti 120 kr. og málflutningslaun hins skipaða talsmanns þeirra í héraði og hæstarétti, 200 kr.

Samkvæmt kröfu hinna ákærðu, Helga Benediktssonar og F. Carlson, hefir héraðsdómaranum verið stefnt til ábyrgðar fyrir meðferð hans á málinu, og hefir hann látið mæta í hæstarétti. En þar sem meðferð dómarans á málinu hefir verið lög-mæt, var með öllu ástæðulaust að stefna honum til ábyrgðar og ber því samkvæmt kröfu hans að dæma hina ákærðu, Helga Benediktsson og F. Carlson, til þess, in solidum að greiða honum málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Helgi Benediktsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði 100 kr. sekt að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar fyrir ósæmigan rithátt, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afpláni hana ella með 10 daga einföldu fangelsi.

Ákærði, Ferdinand Carlson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og ákærði, Helgi Benónýsson, sæti 30 daga samskonar fangelsi, en fullnustu refsingarinnar að því er hann snertir skal fresta samkv. lögum

nr. 39/1907, og hún falla niður, ef skilorð téðra laga eru haldin.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns ákærða, Helga Benediktssonar, hæstaréttar-málaflutningsmanns, Th. B. Líndal, 120 kr., greiðist af almannafé, en allan annan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti greiði hinir ákærðu, F. Carlson og Helgi Benónýsson in solidum, þar á meðal málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, hrm. Garðars Þorsteinssonar, 120 kr. og málflutningslaun hins skipaða talsmanns þeirra í héraði og hæstarétti, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, 200 kr.

Loks greiði hinir ákærðu, Helgi Benediktsson og F. Carlson, in solidum héraðsdómaranum, Kr. Linnet, bæjarfógeta, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim, Ferdinand Carlson, bifreiðarstjóra, á Brekastig 150 hér, fyrir brot á 26. kap. hinna alm. hegningarlaga, 25. júní 1869, sbr. einnig 38. gr. laga um aðför 4. nóv. 1887, og gegn þeim, Helga Benediktssyni, kaupmanni á Einbúa og Helga Benónýssyni, búfræðing á Vesturhúsum, báðum hér, fyrir brot á 26. kap. sbr. 5. kap. áðurnefndra alm. hegningarlaga.

Með úrskurði, uppkveðnum 1. nóv. f. á., var bú ákærða í máli þessu, F. Carlson, tekið til gjaldþrotaskipta eftir kröfu Sig. Á. Gunnarssonar og Magnúsar Bergssonar, hér. Enda hafði 7. sept. s. á. verið gert árangurslaust fjárnám

hjá ákærða, sem þá lýsti yfir að hann ætti ekkert til og hefir itrekað þá yfirlýsing sína undir rekstri málsins. Var síðan 25. nóv. s. á. byrjað á lögreglurannsókn þeirri, sem lög 45/1929 um gjaldþrot fyrirskipa, og leiddi sú rannsókn til þessarar málshöfðunar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. maí 1930 gerði ákærði, Carlson, samning við firmað Jóhann Ólafsson & Co. um kaup á Buick mannflutningabifreið fyrir 6885 danskar krónur, þannig að hann átti strax að greiða kr. 4099,77 (danskar), en gefa út um leið 12 vixla, hvern til mánaðar, fyrir kr. 248 dönskum. Var kaupverðið miðað við islenzkar krónur eftir þessu um 8600 krónur. Samning þenna undirritaði annar maður í umboði ákærða og var í honum ákvæði um að seljandi skyldi vera eigandi bifreiðarinnar þangað til að hún væri að fullu greidd. Til þess að kaup þessi gætu orðið og Carlson greitt fyrstu afborgunina og fengið bifreiðina afhenta sér, fékk hann þrjá menn og voru þeir Sig. Á. Gunnarsson og M. Bergsson tveir þeirra, til að skrifa nöfn sín á 6500 króna vixil, er ákærði síðan greiddi með fyrstu afborgunina, um 5000 ísl. krónur. Af áðurnefndum 12 víxlum greiddi Carlson seinna 5 og auk þess greiddi hann 225 kr. sem afborgun á aðalvixlinum og forvexti. En til þess m. a. að standa straum af þessum greiðslum, fékk hann lán-að fé hjá Ólafi Auðunssyni útgerðarmanni hér, og veðsetti honum til tryggingar þessum lánum 8. október 1930, auk annars, nefnda Buick-bifreið með 2. veðrétti og taldi Carlson þá eftirstöðvar kaupverðsins hvíla á bifreiðinni með fyrsta veðrétti. Tryggingarbréf þetta afhenti Ól. Auðunsson til þinglesturs 28. okt. 1930.

Nú, er þessir menn, sem stóðu á ofanefndum 6275 króna vixli, (upphafll. 6500 kr.) urðu vísari um veðsetningu þessa, virðast þeir hafa orðið órólegir og fengið Jóh. Ólafsson & Co. til þess að ganga að bifreiðinni samkv. kaupsamningnum. Krafðist umboðsmaður firmans að eigandi bifreiðarinnar yrði settur inn í umráð hennar og hún tekin úr vörslum Carlsons og úrskurðaði fógeti að innsetningargærðin skyldi fram fara vegna hinnar ólög-mætu veðsetningar. En þessum úrskurði var hrundið af hæstarétti með dómi, uppkveðnum 4. nóv. f. á., er að vísu taldi veðsetninguna ólög-mæta, en úr henni bætt með

því að boðin var fram full greiðsla í fógetaréttinum. Eftir þessum dómi átti því Carlson heimtingu á að greiða eiganda bifreiðarinnar ef hann greiddi déttilega eftirstöðvar kaupverðs hennar, sem voru þá sjö víxlar, samtals um 2100 kr. Auk þess átti hann samkvæmt hæstaréttardóminum að fá 250 kr. í málskostnað.

Eins og áður er sagt, var bú Carlsons tekið til gjaldþrota meðferðar 17. nóv. f. á. og kom þá í ljós að hann var gersamlega eignalaus. Sannaðist undir rannsókn þessa máls, að Carlson hafði nokkru áður, — 20. ágúst f. á. — selt og afsalað meðákærða Helga Benónýssyni réttindi öll, sem hann taldi sig eiga til nefndrar bifreiðar (Buick, V. E. 50) „eða mér kunna að tilfalla“ eins og segir í nefndu afsali. Ennfremur afsalaði hann um leið til sama manns „þeim væntanlegum kröfum og réttindum, er mér kunna að tilfalla í hæstaréttarmáli því, er ég hefi höfðað til þess að fá hnekk úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Vestmannaeyja 1. nóv. 1930“. Einnig sannaðist það undir rannsókninni að Carlson hafði sama dag og nefndur hæstaréttardómur var uppkveðinn afsalað þeim Stefáni Jóhanni Stefánssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni og Ásgeiri Guðmundssyni lögfræðing „alla skaðabótakröfu þá, sem ég á á hendur Jóh. Ólafssyni & Co. í Reykjavík út af ólögmati innsetningargerð í bifreiðina V. E. 50“.

Bifreiðin var metin á 6300 kr. undir rannsókn málsins og staðfestu matsmennirnir þetta mat sitt með eiði. Það verður því samkvæmt þessu og eftir því, sem annars er upplýst með hinum framlögðu afsölum og öðru að telja sannað að ákærði Carlson hafi með afsölunum 20. ágúst og 4 nóvember f. á. látið af hendi eignir, sem gátu haft og sumpart reyndust að hafa fjárhagslegt verðmæti fyrir skuldheimtumenn hans og reyndar um leið gert sig með þessu algerlega eignalausan. Að því, er kemur til réttindanna til bifreiðarinnar, þá var aðeins eftir að greiða seljanda 2100 kr. og Ólafi Auðunssyni 1500 kr. svo að verðmæti hennar fyrir búið hefði eftir matinu orðið upp undir 2700 kr. virði. Og þar sem hæstiréttur hafði slegið föstu að innsetningargerð Jóh. Ólafssonar & Co. 1. nóv. 1930 hjá ákærða hefði verið ólögleg, verður heldur ekki annað sagt en að skaðabótakrafa vegna þessarar gerðar *gæti* verið einhvers virði. Það kemur því til álita hvort á-

kærði hafi með þessum ráðstöfunum sínum gert sig brotlegan gegn ákvæðum 26. kap. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Hinn 20. ágúst f. á., þegar ákærði, Carlson, afsalaði áðurnefndum réttindum sínum til Helga Benónýssonar, stóð þannig á að þeir tveir menn, M. Bergsson og Sig. Á. Gunnarsson, sem ritað höfðu nöfn sín á vixil fyrir Carlson að upphæð kr. 6275,00 til framlengingar áðurnefndum vixli að upphæð kr. 6500,00 vegna bifreiðarkaupanna, höfðu orðið að innleysa vixilinn og 16. maí f. á. látið framkvæma löghaldsgerð hjá ákærða, F. Carlson, vegna þessarar vixilskuldar. Höfðu þeir síðan höfðað mál gegn ákærða til staðfestingar á þessari löghaldsgerð og greiðslu vixilskuldarinnar og var það mál þá undir dómi og dómur uppkveðinn í því daginn eftir að afsalið er dagsett. Var lögtaksgerðin felld úr gildi, en ákærður Carlson dæmdur til þess að greiða ofanefndum mönnum vixilskuldina ásamt vöxtum og kostnaði. Þar sem þannig stóð á og eins og viðskiptum ákærða við þessa skuldheimtumenntu hans að öðru leyti var hagað eins og innsetningargerðin og löghaldsgerðin o. fl. bar með sér, má telja fyllilega sannað að ákærði, — sem vissi sig alveg eignalausan —, hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrot sitt væri yfirvofandi. Í þessu sambandi má taka fram að ákærði, Helgi Benediktsson, hefir borið, og ákærði, Carlson, ekki neitað, að hann vildi láta dagsetja afsalið til ákærða, Helga Benónýssonar, aftur í tímann, sem bendir til að hann hafði væntanlegt gjaldþrot sitt fyrir augum og að tryggja gildi afsalsins.

Það má telja upplýst í málinu að það, sem ákærði, Carlson fékk hjá ákærða, Helga Benónýssyni, fyrir réttindaafsalið, var aðeins það, að Helgi tók að sér um 100 kr. vixilskuld fyrir bensín við bifreiðarstöð þá, sem Helgi vann hjá og skipti ákærða engu eins og á stóð. Peninga fékk hann enga eða peningavirði annað. Ennfremur tók ákærði Helgi Benónýsson að sér að greiða veðskuld á bifreiðinni til Ólafs Auðunssonar. En þar sem það leiddi af sjálfu sér hafði ákærður Carlson engan sérstakan ábata af því, nema að sá veðréttur yrði ónýttur. En þar eð enginn hafði gert tilraun til þess verður ekki álitid að ákærði Carlson hafi talið sér þetta hagnað, enda þótt

hann undir rannsókninni hafi talið svo. Það þykir því eftir þessu viðurhlutamikið að telja, að ákærði hafi af sérdrægni gert ráðstafanirnar með afsalinu 20. ágúst f. á. og verður þá ekki álitíð, að hann hafi með þessu brotið gegn ákvæðum 262. gr. alm. hegningarlaga, enda þótt að þessar ráðstafanir hafi miðað til þess að kröfur búsins rynni ekki inn í það.

Þá verður það næst til álita, hvort ákærði hafi með áðurnefndum réttindaafsölum sínum 20. ágúst og 4. nóv. f. á. aðhafst slíkt, sem miðaði til þess að draga ólöglega taum sumra skuldheimtumanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast á því og refsivert er eftir 263 gr. hegningarlaganna.

Það skal þá fyrst tekið fram um afsal ákærða 20. ágúst f. á. á réttindum til bifreiðarinnar, að enda þótt það kunni að hafa vakað fyrir ákærða eins og meðákærðu, Helgi Benediktsson og Helgi Benónýsson, hafa borið, að tryggja betur aðstöðu Ólafs Auðunssonar. Þá skiptir það að réttarins álitu engu máli, þar eð telja verður að öðrum skuldheimtumönnum hafi enginn skaði verið gerður með því vegna veðréttar Ólafs Auðunssonar, sem stóð og stendur óhaggður, þá mistu aðrir skuldheimtumenn svo lítið, þó að 100 kr. vixilkrafan væri greidd, að ekki þykir rétt að draga það undir refsíákvæði 263. gr. hegningarlaganna og telja það tjón, einkum þegar vist má telja að greiðsla þessara 100 króna hafi ekki skipt ákærða, Carlson, neinu að því er kom til þess að gera þessar ráðstafanir.

Þá er að athuga afsalið 4. nóv. f. á. á skaðabótakröfunni vegna hinnar óréttmætu innsetningargerðar, til þeirra Ásgeirs Guðmundssonar, lögfræðings og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns.

Afsal þetta var gefið sama dag og hæstaréttardómurinn var kveðinn upp um að nefnd innsetningargerð, sem firmað Jóhann Ólafsson & Co. lét gera í bifreiðinni 1 nóv. 1930, skyldi ógild og úrskurður fógætaréttar Vestmannaeyja um þetta falla úr gildi. Var í afsalinu tekið svo til orða að nefndir lögfræðingar hefðu „gert andvirði kröfunnar upp að fullu“. En á skiptafundi í þrotabúi ákærða, Carlsons, 30. nóv. f. á., lýsti Ól. Auðunsson, sem þar var mættur, yfir því, f. h. þeirra Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Ásgeirs Guðmundssonar að skaðabótakrafan væri

framseld „sem greiðsla á mál færzlulaunum bæði í undirrétti og hæstarétti og kostnaði í sambandi við þetta“. Og þessa yfirlýsingu staðfesti ákærði, Carlson, þá strax og síðar í lögreglurétti undir rannsókn málsins.

Nokkru áður en þetta afsal var gert, — 7. sept. 1931 —, höfðu þeir Magnús Bergsson og Sig. Á. Gunnarsson látið gera árangslaust fjárnám hjá ákærða, Carlson, til tryggingar dómi uppkveðnum 21. ágúst 1931 í gestaréttinum hér, þar sem þeim höfðu verið tildæmdar kr. 6275,00 hjá ákærða, Carlson, auk vaxta og málskostnaðar, samtals kr. 6854,12. Hafði ákærði á ekkert að visa upp í þessa skuld, nema „væntanlega inneign“ hjá seljanda bifreiðarinnar V. E. 50, sem hann þó taldi einskis virði. Það má því telja fullsannað, að bæði ákærða Carlson og kaupendum skaðabótakröfunnar, þeim Ásgeir Guðmundssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni, hafi hlotið að vera það fullljóst, þegar afsalið var gert, 4. nóv. f. á., að gjaldþrot ákærða vofði yfir. Enda liðu ekki nema tvær vikur þangað til, því að 17. nóv. s. á. var úrskurðað að bú Carlson skyldi tekið til gjaldþrotameðferðar.

Það ber því að athuga, hvort afsalið á skaðabótakröfunni, sem ganga verður út frá að hafi verið gert í því skyni, sem áður hefir verið greint og tekið var fram í skiptaréttinum, geti talizt hafa miðað til að draga taum þessara skuldheimtumanna, sem afsalið fengu, öðrum skuldheimtumönnum Carlsons til tjóns, og hvort afsal á þessari kröfu geti talizt borgun, það er, peningavirði. Um það verður vitanlega ekki sagt með vissu hvort krafa þessi sé, eða hafi verið nokkurs virði meðan endanlegur dómur er ekki genginn um hvort svo sé og hún ekki heldur viðurkennd. Hinsvegar má telja víst, að bæði kaupendur og ákærði, Carlson, hafi talið svo. Kaupendur létu mæta á skiptafundi í búinu og gæta hagsmuna sinna einmitt út af því að þeir höfðu fengið afsal fyrir skaðabótakröfunni og seljandi, ákærði Carlson, tekur m. a. fram í riti um „réttarfarið í Vestmannaeyjum“, sem lagt er fram í málinu, að hann, (sem er bifreiðarstjóri) hafi orðið atvinnulaus í heilt ár vegna hinnar óréttmætu innsetningargerðar. Eins hefir meðákærði, Helgi Benediktsson, borið að ákærði, Carlson, hafi jafnvel áður en hæstaréttardómurinn var fallinn, talið sér væntanlegar skaða-

bætur mikils virði. Það verður einnig að telja ekki aðeins hugsanlegt, heldur jafnvel fremur sennilegt, að ákærði hefði eftir atvikum getað átt skaðabótakröfu á það firma, sem svifti hann afnotum bifreiðarinnar, úr því að hæstiréttur dæmdi að hún hefði verið óréttmæt. En þar sem þó ekki er sannað í mál þessu að skaðabótakrafa þessi sé nokkurs virði og því geti talizt raunveruleg borgun, telur rétturinn ósannað, að ákærði, Carlson, hafi með þessu skaðað skuldheimtumenn sína og að ákvæði 263. gr. hegningarlaganna komi því ekki til greina um þetta.

Næst kemur að réttarins dómi til álita, hvort ákærði, Carlson, hafi brotið gegn ákvæðunum í niðurlagi 254. gr. hegningarlaganna, sem leggja refsing við að „selja eða veðsetja muni sína til málamyndar til að svifta skuldheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber“.

Eins og áður er tekið fram í forsendum þessa dóms, verður að álita, að ákærður, Carlson, hafi fengið ekkert eða sama sem ekkert fyrir afsal sitt 20. ágúst 1931 á réttindum til bifreiðar V. E. 50 og því er þar af leiðandi slegið föstu, að það hafi ekki verið gert í hagnaðarskyni. Eftir þessu litur rétturinn svo á, að hér hafi í raun og veru ekki verið um sölu að ræða, heldur gjöf á því, sem gat verið fjárhagslegs virðis fyrir skuldheimtumenn hans. Kemur þá til athugunar, hvort telja verði, að ákærða, Carlson, hafi verið þetta ljóst og hvort sannað sé að hann hafi gert það í því skyni að svikja skuldheimtumenn sína. Ákærði hélt því fram þegar hann kom fyrst fyrir réttinn, að hann hefði ekki talið þessi réttindi, sem hann afsalaði ákærða, Helga Benónýssyni, „mikils virði“ vegna óvissu um úrslit hæstaréttarmálsins. En seinna, undir rannsókn málsins, hefir hann haldið fram að þau hefðu að sínu áliti verið einskis virði vegna þess, að hann hafi álitid að úrskurður fógataréttarins mundi standa óraskaður. Það er þó af ýmsu augljóst, að fyrri framburður hans er réttari. Bæði hafði hann m. a. haldið fram við innsetningargerðina, að hún væri óheimil og áfrýjað fógataréttarúrskurðinum svo hann gat ekki annað en talið ávinning hugsanlegan og réttindin því geta verið peningavirði.

Þá ber að athuga, hvort sannað megí telja, að ákærði, Carlson, hafi gert þetta í því skyni, að svifta skuldheimtu-

mönnum sínum færi á að fá andvirði þessara réttinda til bifreiðarinnar, ef svo færi að hæstaréttarmálið ynnist. Þrátt fyrir neitun ákærða verður að telja að svo hafi verið og liggja til þess ástæður, sem hér skal greina.

Í fyrsta lagi hefir ákærður, Carlson, enga skynsamlega grein gert fyrir ástæðum sínum til þessara ráðstafana um réttindin til bifreiðarinnar. Það er tekið fram áður í dómforsendum þessum að hann gat ekki séð sér þann hag í að losna við 100 kr. vixilskuldina eða að ákærði, Helgi Benónýsson, gerðist skuldbundinn gagnvart Ólafi Auðunssyni, að það sé frambærileg skýring á því, að hann afsali sér réttindum, sem ástæða er til að ætla að hann taldi nokkurs virði og jafnvel ekki lítills virði ef vel færi. Hinsvegar er upplýst, að einmitt um það leyti, er afsalið var gert, voru að undangenginni löghaldsgerð risin málaferli milli ákærðs, Carlsons, og þeirra, sem höfðu orðið að greiða vixilskuldina fyrir hann og að málið var einmitt undir dómi þá. Það kom í ljós undir rannsókn málsins, að ákærða þótti Sig. Á. Gunnarsson hafa sýnt sér ólipurð í viðskiptum þeirra út af bifreiðinni og óvild ákærða til sama manns kemur einnig greinilega í ljós í ritinu „réttarfarið í Vestmannaeyjum“, sem ákærði, Carlson, hefir undirritað og lagt er fram í máli þessu. Það bendir einnig á sviksemistilgang í sambandi við afsalið og að meining ákærðs hafi verið að komast hjá því að skuldheimtumenn hans hefði hag af því, ef málið í hæstarétti ynnist að hann — eins og áður er tekið fram — vildi láta dagsetja afsalið til Helga Benónýssonar aftur í timann. Að þessu athuguðu þykir mega telja sannað, að ákærði Carlson hafi með atferli sínu, sem að framan er lýst, brotið gegn 254. gr. hinna almennu hegningarlaga. Að því er kemur til ákærunnar fyrir brot á 38. gr. laga um aðför, 4. nóvember 1887, þá skal tekið fram, að þar sem nefnd lagagrein mælir svo fyrir, að refsing skuli þá aðeins beita fyrir að koma lögmætum eignum sínum og kröfum undan fjárnámi um það leyti, er maður hlýtur að sjá það fyrir, þegar slíkt er gert af eigingirni, verður af þeirri ástæðu, eins og lýst er að framan í dómi þessum, að sýkna ákærða af þeim kröfum réttvisinnar í máli þessu.

Með dómi aukaréttar Reykjavíkur 20. apríl 1923 var ákærður, F. Carlson, dæmdur í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og 250 króna sekt fyrir brot á 1. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917 og 253. gr. sbr. 55. gr. með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga. Refsing hans nú þykir með tilliti til málavaxta og þess, að um ítrekun er að ræða, að réttarins áleti, hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Meðákærði, Helgi Benónýsson, er ákærður fyrir hlutdeild í áðurnefndum hegningarverðum verknaði F. Carlsons. En eins og áður er lýst fékk hann 20. ágúst f. á. afsal það hjá Carlson, sem rétturinn verður að álita, að gefið hafi verið út í sviksamlegum tilgangi og þannig, að refsivert sé. Það, sem því kemur hér til álita gagnvart honum er

1. hvort ákærða var ljóst, að hér var í raun og veru ekki um það að ræða, sem kallað verður sala, þar eð aðeins komu á móti um 100 kr. af hans hálfu fyrir réttindi, sem gátu orðið allmikils virði, eftir mati síðar um 2700 krónur.

2. og hvort hann hafði ástæðu til að ætla, að afsal þetta væri gert í sviksamlegum tilgangi og gerði sér það í hugarlund.

Um fyrra atriðið tekur rétturinn fram, að skýrsla ákærða um þetta er að ýmsu leyti ósennileg og tortryggileg. Hann hefir haldið fram, að bifreiðin hefði að sínum dómi verið aðeins 4500 kr. virði og að fá $\frac{1}{3}$ af þessari upphæð með hæstaréttardómnum, þ. e. a. s. nánar aðspurður, að hann hefði talið líkurnar 1 á móti 2, að málið ynnist. Nú hefir hann kannast við, að hafa eftir frásögn Carlsons vitað um, að hann ætti að greiða seljanda bifreiðina um 2500 krónur og auk þess skuldbatt hann sig til að borga Ó. Auðunnssyni 1500 kr. og skuld fyrir benzin um 100 kr. eða alls 4100 kr. ef Carlson ynni málið og hann yrði eigandi réttindanna yfir bifreiðinni. En tapaði Carlson hinsvegar málinu taldi hann geta komið til mála, að borga 1500 kr. til Ól. Auðnssonar og um 100 kr. vegna benzínsins. Með öðrum orðum hann hætti eftir þessari frásögn sinni 1600 kr. móti því að græða 400 kr. enda þótt hann teldi líkurnar fyrir gróðanum að-

eins vega 1 móti 2. Til þess að skýra þetta nokkuð tók ákærði fram, að hann hefði talið bifreiðina meira virði fyrir sig í atvinnuskyni. Þrátt fyrir þetta verður að telja svo miklar líkur fyrir því, að Helgi Benónýsson hafi einnig yfirleitt álitid bifreiðina meira virði en hann fullyrðir, að rétturinn hljóti að byggja á því.

Enda styður matið, er seinna var framkvæmt, þetta og einnig tilboð hans í réttinum 26. nóv. 1931 — þrem vikum eftir að hann var orðinn eigandi að réttindum til bifreiðarinnar — um að láta þau af hendi fyrir 1800 kr. Jafnvel þá, eftir gjaldþrot meðákærðs, Carlsons, virðist hann telja bifreiðina um 5900 kr. virði fyrir sig.

Það verður samkvæmt þessu að líta svo á, að Helga Benónýssyni hafi verið það fullljóst, að salan á bifreiðarréttindunum af Carlsons hálfu fyrir einar 100 kr. var mjög einkennileg og ekki siður þar sem Carlson ekki einu sinni fékk þessar 100 krónur útborgaðar, heldur voru þær teknar upp í skuld. En þá kemur til álita hvort telja megí nægilega sannað, að ákærði hafi vitað um hinn sviksamlega tilgang Carlsons og því vitandi vits hjálpað honum við framkvæmd hans. Ákærði hefir eindregið neitað að hafa haft nokkuð slíkt fyrir augum og einnig haldið fram að hafa ekki vitað um að Sig. Gunnarsson, og aðrir, sem skrifuðu á bifreiðarvixilinn fyrir Carlson, gætu tapað á afsali Carlsons til sín. Taldi að sinni sögn að „þær ábyrgðir væru úr sögunni“.

Það er að réttarins áliti ekki líklegt, að Helga Benónýssyni hafi verið ókunnugt 20. ágúst f. á. um að víxill sá, er þeir Sig. Gunnarsson o. fl. höfðu skrifað á fyrir Carlson, væri ógreiddur að meira eða minna leyti, og að þeir hefðu því persónulegra hagsmuna að gæta gagnvart Carlson, og einkum þeirra, að bifreiðin færi ekki úr höndum Carlsons ef hann ynni málið í hæstarétti, þar sem Helga samkvæmt yfirlýsing hans sjálfs var vel kunnugt að Carlson var alveg eignalaus. Í fyrsta lagi lýsti Helgi Benónýsson yfir í réttarhaldi 3. dez. f. á., að sér hefði verið kunnugt um það þegar hann gerði kaupin við Carlson, að Sig. Gunnarsson o. fl. hefði gengið í ábyrgð fyrir Carlson út af bifr-kaupunum, en hvorki vita né hafa vitað hve mikið var borgað upp í þetta og kom ekki með

hinn framburðinn fyrr en við lok rannsóknarinnar 4. júní þ. á. Í öðru lagi gat hann sem þekkti vel til slíkra bifreiðakaupa, eins og hann hefir sjálfur borið í réttinum, og verðmæti bifreiða, tæplega ímyndað sér að jafn eignalitill maður og hann vissi, að Carlson var, hefði greitt eins mikið af bifreiðarverðinu eins og eftirstöðvar kaupverðsins báru vott um. Loks var honum kunnugt um innsetningargerðina enda þótt ósannað sé gegn mótmælum hans, að hann hafi lesið hana, eins og Helgi Benediktsson hefir borið í réttinum. Enda þótt að eftir þessu verði að álita að Helga Benónýssyni hafi hlotið að þykja einkennilegt að Carlson skyldi fús að afsala honum réttindi sín til bifreiðarinnar fyrir sama sem ekkert og enda þótt miklar líkur séu fyrir því, að hann hafi vitað í hverjum tilgangi þetta var gert, verður þó ekki gegn eindreginni neitun hans, álitið, að hann hafi gert sér þetta ljóst og því síður, að það hafi verið samantekin ráð þeirra Carlsons að svikja skuldheimtumenn Carlsons með þessu. Verður fremur að álita, að einungis gróðavon hafi komið honum til að semja við Carlson á þann hátt, er hann gerði, enda þótt hann sjálfur, eins og áður er sagt, geri ófullnægjandi grein fyrir því.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærðan, Helga Benónýsson, af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Um hlutdeild ákærða, Helga Benediktssonar, í sviksamlegum verknaði Carlsons, er ekki annað upplýst en að hann hafi samið afsalið frá honum til Helga Benónýssonar eftir beiðni Carlsons, sem gaf honum upp hvað hann vildi láta standa í því. Hinsvegar hefir ákærði kannazt við að álit sitt um efnahag Carlsons hafi verið það, þegar hann samdi afsalið, að Carlson mundi eiga lítið annað en skuldir og líka hefir hann viðurkennt, að sér hafi verið kunnugt um, að Sig, Gunnarsson o. fl. höfðu skrifað á 6000 kr. vixil fyrir Carlson, sem hann hafi aðeins verið búinn að borga „eithvað af“. Þá kveður ákærði að sér hafi einnig verið kunnugt fógataréttarmál Vestmannaeyja út af bifreiðinni V. E. 50. Af þessu virðist verða að draga þá ályktun að ákærða hafi verið ljóst, að afsalið til Helga Benónýssonar var gert frá Carlsons hálfu með það fyrir augum að svikja eða gera tilraun til þess

að svikja skuldheimtumenn sína vegna víxilsins. Hins vegar hefir ákærði neitað að það hafi verið ætlun sín að hjálpa Carlson við neitt sviksamlegt athæfi. Kemur þá til álita hvort það eigi að teljast refsivert, að ákærði Helgi Benediktsson samdi afsalið eins og áður er sagt, án þess sannað sé, eða á nokkurn hátt gert líklegt, að hann hafi lagt þar ráð á, eða verið í ráðum. Í 48. gr. alm. hegningarlaga er svo ákveðið, að hafi nokkur hluttakari í misgerningum veitt forgöngmanninum liðsinni, sem er minna í varið en bein hjálp, þá sé það refsivert. Enda þótt segja megi að þessi aðstoð Helga Benediktssonar eftir bókstaf laganna geti kallast „liðsinni“ þá litur þessi réttur þó svo á, að í því orði felist meira en jafn óveruleg aðstoð, og að þessi hlutdeild Helga, að semja afsalið aðeins eftir því sem Carlson óskaði, það er að orða það og skrifa, falli ekki undir þetta refsíákvæði laganna. Það verður eftir þessu að sýkna Helga Benediktsson af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrskurði ber ákærða, Ferdinand Carlson, að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður, þar undir málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstaréttarmálaflutningsmanns, 50 kr. Málsvarnarlaun sama manns vegna Helga Benónýssonar, 50 kr., greiðist af almannafé. Helgi Benediktsson hefir með löngu riti (10 vélrit. síður), sem á að kallast varnarskjal, en er að tæpri hálfri síðu undanskilinni samfeld árás og óhróður um dómarann og ýmsa nafngreinda menn — þar á meðal um einn nýlátinn mann — gert sig sekan um freklega ósæmilegan rithátt. Ennfremur hefir hann lagt fram, sem fylgiskjal með vörn sinni, skjal undirritað af ákærðum Carlson, er nefnist „réttarfarið í Vestmannaeyjum“ og er þrungið af svivirðingum um dómarann og ýmsa aðra nafngreinda menn, og verður þetta einnig í þessu sambandi að teljast ósæmilegur ritháttur. Ber að sekta ákærða, Helga Benediktsson, fyrir þetta og telst sektin hæfilega metin 100 krónur, er greiðist innan fjöggra vikna, að hálfu í ríkissjóð, en að hálfu í bæjarsjóð Vestmannaeyjakaupstaðar, og afplánist með 10 daga einföldu fangelsi sé hún ekki greidd réttimis. Að öðru leyti verður hlutaðeigandi ráðuneyti látið skera úr hvort mál skuli höfðað út af þessu skv. 12. kap.

alm. hegningarlagi. Málsvarnarkrafa hans verður ekki tekið til greina og heldur ekki krafan um að dómariinn viki sæti í málinu.

Á málinu hefir enginn annar dráttur orðið en sá, sem leitt hefir af miklum embættisönnum og ónógri aðstoð dómarsins.

Mánudaginn 8. nóv. 1933.

Nr. 22/1933. **Gestur Bjarnason** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**Gróu Jóhannesdóttur og
gagnsök.**

(cand. jur. Einar B. Guðmundsson).

Dánarbætur.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
24. nóv. 1932: Stefnur, Gestur Bjarnason, bifreiðarstjóri í Stykkishólmi, greiði stefnandanum, Gróu Jóhannesdóttur, ekkju í Stykkishólmi, 8400 — átta þúsund og fjögur hundruð krónur — ásamt 5 — fimm — % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 7/9 1930 að telja þar til greitt er. Svo greiði stefnur og stefnandanum 400 — fjögur hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar af hálfu beggja aðila. Hefir aðaláfrýjandi krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og hann dæmdur til að greiða málskostnað í báðum réttum, en til vara að ídæmdar skaðabætur verði lækkaðar, vextir af þeim taldir frá sáttakærudegi og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti, en að máls-